

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍKReykjavík, 30. mars 2010 02-2010031566
T-ums 19/2010**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa - 448. mál, þskj. 769.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 22. mars 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til lag um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa - 448. mál, þskj. 769.


Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Meginmarkmiðið er að gæta skuli hagsmuna kaupanda og seljanda. Frumvarpið kveður á um breytingar á einkarétti fasteignasala til sölumæðferðar eigna, breytingar á reglum um menntun fasteignasala og á fjárhæð eftirlitsgjalds. Þá er mælt fyrir afnámi skylduaðildar að Félagi fasteignasala og lögfest ákvæði um sérstaka kærunefnd um málefni fasteignasala.

Ríkisskattstjóri telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Skuli Eggert Þorðarson



Guðrun J. Jónsdóttir